



# Tilnefning í Æskulýðsráð



**Mennta- og barnamálaráðuneytið** leitar eftir tilnefningum æskulýðsfélaga og æskulýðssamtaka um **fulltrúa í Æskulýðsráð** fyrir tímabilið 2023-2024 sbr. reglugerð nr. 1088/2007. Tilnefna skal **konu og karl** til setu í Æskulýðsráði til **tveggja ára** og í tilnefningunni skal koma fram vilji tilnefndra einstaklinga til að taka að sér setu í ráðinu. Með tilnefningu skal fylgja yfirlit yfir **reynslu og þekkingu** tilnefndra á starfi æskulýðsfélaga eða æskulýðssamtaka og yfirlýsing um að viðkomandi uppfylli ákvæði 10. gr. æskulýðslaga nr. 70/2007.

Ráðuneytið hefur hafið undirbúning á **endurskoðun æskulýðslaga** í samræmi við stefnu ráðuneytisins um tómstunda- og félagsstarf barna og ungmenna. Endurskoðun laganna verður unnin í samstarfi við Æskulýðsráð á tímabilinu.

Tilnefningar þurfa að berast mennta- og barnamálaráðuneytinu, Sölvhólgötu 4, 101 Reykjavík, bréfluga í síðasta lagi **fimmtudaginn 15. desember 2022.**

**Stjórnarráð Íslands**  
Mennta- og barnamálaráðuneytið